

## Breytingartillaga

við frv. til l. um úrvinnslugjald.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Umhverfisstjórnir skipar sjö manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Umhverfisstjórnir skipar formann stjórnar án tilnefningar, en sex meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum: einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, einn frá Neytendasamtökunum, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn eftir sameiginlegri tilnefningu frjálsra félagasamtaka á sviði náttúru- og umhverfisverndar. Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna.